# Starfsáætlun
# Sambands íslenskra sveitarfélaga
# 2021



© Samband íslenskra sveitarfélaga 17/2020

# Framkvæmdastjóri

## *Meginmarkmið*

Að sjá til þess að stefnumörkun landsþinga sambandsins sé framfylgt og að starfsemi þess sé á hverjum tíma hagað í samræmi við ákvæði samþykkta sambandsins og annarra mikilvægra samfélagslegra gilda.

## Helstu verkefni:

- Að styrkja hlutverk sambandsins að vera sameiginlegur málsvari sveitarfélaganna og vinna að sameiginlegum hagsmunamálum þeirra gagnvart ríkisvaldinu og öðrum innlendum sem erlendum aðilum.
- Að þjóna sveitarfélögum á sviði vinnumarkaðsmála, lögbundinna verkefna og á öðrum sviðum í takti við þróun og breytingar á sveitarstjórnarstiginu.
- Að stunda góða og heiðarlega starfshætti og skilvirk og vönduð vinnubrögð.
- Undirbúa stjórnarfundi og framfylgja samþykktum stjórnar sambandsins og undirbúa árlega fundi og ráðstefnur á vegum sambandsins.
- Vinna með og aðstoða formann sambandsins við að sinna hlutverki sínu.
- Taka þátt ársfundum landshlutasamtaka sveitarfélaga og öðrum fundum stofnana sem tengjast verkefnum sveitarfélaga og flytja erindi um málefni sveitarfélaga og sambandsins eftir þörfum.
- Funda með þeim fastanefndum Alþingis sem fjalla um mál er tengjast sveitarfélögum og kynna starf sambandsins, stefnumörkun þess og sveitarstjórnarstigið almennt.
- Undirbúa og framfylgja samkomulagi sambandsins og viðkomandi ráðuneyta um markmið um afkomu og efnahag sveitarfélaga á grundvelli laga um opinber fjármál.
- Taka þátt í og tryggja skilvirkt starf samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga, Jónsmessunefndar.
- Koma að mótun markmiða og kjarasamningsstefnu sambandsins og taka þátt í kjaramálasamstarfi sveitarfélaga og ríkis.
- Vinna að eflingu sóknaráætlana og byggðamála.

## Áhersluatriði framkvæmdastjóra 2021

| | Verkefni hefst: | | | |
|---|---|---|---|---|
| | 1. ársfj. | 2. ársfj. | 3. ársfj. | 4. ársfj. |
| Fylgjast vel með þróun fjármála sveitarfélaga og halda áfram viðræðum við ríkið um hvernig skuli brugðist við versnandi afkomu sveitarfélaga vegna Covid-19. | x | | | |
| Styðja við sveitarfélög sem hyggjast sameinast. | | x | | |
| Koma að þróun sviðsmyndalíkans um fjárhagslega sjálfbæri sveitarfélaga. | | x | | |
| Styðja við fulltrúa sambandsins í nefnd um heildarendurskoðun á tekjustofnum sveitarfélaga og fylgjast vel með starfi nefndarinnar. | x | | | |
| Styðja við fulltrúa sambandsins í nefnd um endurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og fylgjast vel með starfi nefndarinnar. | x | | | |
| Vinna áfram að því að öll mannvirki verði metin til fasteignamats og undanþágur frá álagningu fasteignaskatts felldar niður. | | x | | |
| Formgera samstarf ríkis og sveitarfélaga um skipulagða heilsueflingu fyrir eldra fólk með það að markmiði að auka lífsgæði og bæta heilsu. | | | x | |
| Vinna að því að ríkið taki yfir verkefni Innheimtustofnunar sveitarfélaga og fjármögnun starfseminnar verði alfarið færð frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. | x | | | |
| Taka þátt í viðræðum um kostnað og umsýslu ríkisins við útsvarsinnheimtu. | x | | | |
| Taka þátt í viðræðum um að skyldu sveitarfélaga til úthlutunar á lóðum til ríkisins án endurgjalds með það að markmiði að aflétta þessari skyldu af sveitarfélögum. | x | | | |
| Vinna að hækkun daggjalda ríkisins til hjúkrunarheimila. | x | | | |
| Styðja við starf starfshóps sem á að vinna að endurmati á útgjöldum vegna hjúkrunarþjónustu og almennri þjónustu við aldraða. | x | | | |
| Fylgja eftir að unnin verði samantekt og mat á kostnaðarþróun og kostnaðaráhrif í þjónustu við fatlað fólk vegna laga- og reglugerðarbreytinga. | x | | | |
| Styðja við aukna samvinnu sveitarfélaga á sviði stafrænnar þjónustu. | x | | | |
| Stuðla að aukinni samvinnu milli ríkis og sveitarfélaga um bætt skattskil, hertu eftirliti, svartri atvinnustarfsemi og betri nýtingu bótagreiðslna. | | | x | |
| Taka þátt í að móta skýrt vinnuferli og framsetningarmáta kostnaðarmats laga. | | x | | |
| Efla samstarf HMS og sambandsins á sviði húsnæðismála. | x | | | |
| Efla samstarf sambandsins og Byggðastofnunar á sviði byggðaþróunar og tölfræðiupplýsinga sem öllum verði aðgengilegar. | x | | | |
| Taka þátt í áframhaldandi þróun sóknaráætlana landshluta. | | | x | |
| Fjölga umhverfis- og nýsköpunarverkefnum í sóknaráætlun landshluta. | | | x | |
| Taka þá í endurskoðun byggðaáætlunar. | x | | | |
| Koma að vinnu við endurskoðun og mótun framtíðarlífeyriskerfisins á Íslandi. | x | | | |
| Vinna að fjölgun starfa á landsbyggðinni og styðja við störf á staðsetningar. | x | | | |
| Vinna að því að gistináttaskattur verði færður til sveitarfélaga. | x | | | |
| Vinna að samræmingu reglna um arðgreiðslur til eigenda veitna. | x | | | |
| Fylgja eftir stefnumörkun sambandsins gagnvart nýkjörnum alþingismönnum og nýrri ríkisstjórn og leitast við að hafa áhrif á innihald stjórnarsáttmála í þágu sveitarfélaga. | | | | x |
| Hefja undirbúning að nýrri stefnumörkun sambandsins fyrir árin 2022-2026. | | | | x |
| Halda fund framkvæmdastjóra norrænna sveitarfélagasambanda á Íslandi. | | | x | |
| Þátttaka í Íslenska byggingavettvanginum – BVV. | x | | | |
| Þróa starfsemi sambandsins í kjörfar reynslu af fjarvinnu vegna Covid-19. | x | | | |
| Bæta starfsemi sambandsins í takti við niðurstöður þjónustukönnunar. | | x | | |

# Hag- og upplýsingasvið

### *Megin markmið*

Meginhlutverk hag- og upplýsingasviðs er öflun, úrvinnsla, miðlun og greining á hagrænum upplýsingum um starfsemi sveitarfélaga til notkunar við samanburð milli sveitarfélaga og hagsmunagæslu fyrir þau.

### Helstu verkefni:

- Samantekt og samræming upplýsinga um fjármál og rekstur sveitarfélaga, m.a. úr ársreikningum og fjárhagsáætlunum sveitarfélaga.
- Upplýsingamiðlun um fjármál og rekstur sveitarfélaga á heimasíðu sambandsins.
- Áætlanir um líklegar staðgreiðslutekjur sveitarfélaga á komandi fjárhagsári.
- Eftirlit með uppgjöri og skilum á mánaðarlegri staðgreiðslu útsvara til sveitarfélaga
- Ráðgjöf til sveitarfélaga m.a. um forsendur og annað er viðkemur fjárhagsáætlanagerð.
- Dagskrá fjármálaráðstefnu sveitarfélaga og almenna fræðsla um rekstur og fjármál sveitarfélaga.
- Undirbúningur funda Þjóðhagsráðs.
- Framkvæmdastjórn Samtaka orkusveitarfélaga og Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga.
- Úttekt á fjárhagsstöðu hafna fyrir Hafnasamband Íslands.



## Áhersluatriði hag- og upplýsingasviðs 2021

| | Verkefni hefst: | | | |
|---|---|---|---|---|
| Öflun samtímagagna um fjármál sveitarfélaga | 1.ársfj. | 2.ársfj. | 3.ársfj. | 4.ársfj. |
| Endurskoða upplýsingaveitu sveitarfélaga í samráði við samstarfsaðila. | x | | | |
| Rýna gæði ársfjórðungsgagna frá sveitarfélögum. | x | | | |
| Kanna stafrænar lausnir til að afla upplýsinga um fjármál og rekstur. | | x | | |
| Samstarf við hagstofu um vinnslu samtímagagna um útsvarstekjur hvers sveitarfélags. | x | | | |

| | Verkefni hefst: | | | |
|---|---|---|---|---|
| Fræðsla og umræður um rekstur og fjármál sveitarfélaga | 1.ársfj. | 2.ársfj. | 3.ársfj. | 4.ársfj. |
| Reglulegir umræðu- og fræðslufundir með sveitarfélögum um rekstur og fjármál sveitarfélaga. | x | | | |
| Undirbúa fræðsluefni um fjármál sveitarfélaga. | | x | | |
| Styrkja tengslanet um fjármál sveitarfélaga. | x | | | |
| Könnun á væntingum um forsendur og fjármál sveitarfélaga í tengslum við fjármálaráðstefnu. | | | x | |

| | Verkefni hefst: | | | |
|---|---|---|---|---|
| Aukin áhersla á stuðning við sveitarfélög við fjármálastjórn | 1.ársfj. | 2.ársfj. | 3.ársfj. | 4.ársfj. |
| Verkfæri fyrir fjárhagsáætlunargerð. Vinna með Analytica að veflíkani um tekjur sveitarfélaga, þ.m.t. jöfnunarsjóð og sviðsmyndir. | x | | | |
| Þróa áfram upplýsingagjöf um forsendur fjárhagsáætlana. | | | x | |

| | Verkefni hefst: | | | |
|---|---|---|---|---|
| Þróa fleiri mælikvarða um rekstur sveitarfélaga | 1.ársfj. | 2.ársfj. | 3.ársfj. | 4.ársfj. |
| Samráð við sveitarfélög um greiningu á mælikvörðum um rekstur. | x | | | |
| Samstarf við Hagstofu um ýmsar samtímaupplýsingar um rekstur og fjármál sveitarfélaga. | x | | | |
| Vinna að stefnumótun í málefnum aldraðs fólks. | x | | | |
| Vinna að greiningu á rekstrarkostnaði hjúkrunarheimila. | x | | | |
| Fylgjast með þróun fjármála sveitarfélaga vegna Covid 19 og koma að vinnu um að aðkomu ríkisins. | x | | | |
| Vinna að þróun sviðsmyndalíkans um fjárhagslega sjálfbæri sveitarfélaga í samstarfi við Analytica. | x | | | |
| Aðkoma að endurskoðun lífeyriskerfisins. | | | | |
| Ljúka endurskoðun á forsendum ákvörðunar um vatnsgjald. | | | | |
| Aðkoma að endurmati á innheimtuþóknun útsvars. | | | | |

| | Verkefni hefst: | | | |
|---|---|---|---|---|
| Útgáfa og miðlun | 1.ársfj. | 2.ársfj. | 3.ársfj. | 4.ársfj. |
| Endurskoðun á framsetningu um rekstur og fjármál á heimasíðu. | | | | |
| Endurskoðun á lykiltölum m.a. setja upp í BI | | | | |



# Kjarasvið

*Meginmarkmið*

Kjarasvið hefur það meginhlutverk að upplýsa og leiðbeina sveitarfélögum á sviði kjaramála, vinnumarkaðsmála og mannauðsmála. Kjarasvið annast kjarasamningagerð og hefur fyrirsvar í kjaramálum fyrir þau sveitarfélög sem veita Sambandi íslenskra sveitarfélaga umboð sitt til þess og veitir stjórnendum og sérfræðingum sveitarfélaga sem vinna við framkvæmd kjarasamninga, ráðgjöf og aðstoð við túlkun og framkvæmd allra kjarasamninga Sambands íslenskra sveitarfélaga. Kjarasvið annast samskipti og samvinnu við aðila vinnumarkaðarins í málefnum er varða íslenskan vinnumarkað.

## Helstu verkefni:

- Sérfræðiráðgjöf og fræðsla til sveitarfélaga um kjaramál, vinnurétt og mannauðsstjórnun með sérstakri áherslu á upplýsingamiðlun til framkvæmdastjóra sveitarfélaga, mannauðsstjóra, stjórnenda stofnana og launafulltrúa.
- Undirbúningur kjarastefnu og samningsmarkmiða stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- Kostnaðarmat kjarasamninga.
- Gerð gagnagrunna, kjararannsókna og kostnaðargreininga.
- Þátttaka í samstarfsnefndum kjarasamninga og annarra nefnda sem tengjast kjaramálum sveitarfélaga.
- Úrvinnsla bókana með kjarasamningum.
- Seta í stjórnum starfsmenntunarsjóða stéttarfélaga.
- Þátttaka í nefndar- og stjórnarstörfum í tengslum við kjaramál og önnur mál er varða íslenskan vinnumarkað.
- Samvinna við Reykjavíkurborg um rekstur starfsmatskerfisins SAMSTARFS og Verkefnastofu starfsmats.
- Samstarf við Hagstofu Íslands.
- Norrænt samstarf um kjaramál, vinnurétt og kjaramál kennara.
- Vöktun vinnumarkaðslöggjafar ESB.

## Áhersluatriði 2021

| | Verkefni hefst: | | | |
|---|---|---|---|---|
| Kjaraviðræður | 1.ársfj. | 2.ársfj. | 3.ársfj. | 4.ársfj. |
| Undirbúningur kjaraviðræðna 2021 | x | | | |
| Rafiðnaðarsamband Íslands | x | | | |
| Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna v. stjórnenda slökkviliða | x | | | |
| Félag íslenskra hljómlistarmanna | x | | | |
| Félag íslenskra félagsvísindamanna | | | | x |
| Fræðagarður | | | | x |
| Stéttarfélag bókasafns- og upplýsingafræða | | | | x |
| Stéttarfélag lögfræðinga | | | | x |
| KÍ v/Félags grunnskólakennara | | | | x |
| KÍ v/Félags leikskólakennara | | | | x |
| KÍ v/Félags stjórnenda leikskóla | | | | x |
| KÍ v/Skólastjórafélag Íslands | | | | x |
| KÍ v/Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum | | | | x |

| | Verkefni hefst: | | | |
|---|---|---|---|---|
| Önnur verkefni | 1.ársfj. | 2.ársfj. | 3.ársfj. | 4.ársfj. |
| Ráðgjöf við innleiðngu styttingar vinnutíma dagvinnumanna | x | | | |
| Ráðgjöf við innleiðngu styttingar vinnutíma vaktavinnumanna | x | | | |
| Starfsmatskerfið Samstarf – úrvinnsla bókunar með kjarasamningum | x | | | |
| Starfsmat grunnskólakennara – úrvinnsla bókunar með kjarasamningi | x | | | |
| Tímavinnufólk – úrvinnsla bókunar með kjarasamningum | x | | | |
| Starfsmennt og mannauðsstjóðir – úrvinnsla bókunar með kjarasamningum | x | | | |
| Endurskoðun reglugerðar um starfsemi slökkviliða | x | | | |
| Samráðshópur grænbókar um kjarasamninga og vinnumarkaðsmál | x | | | |
| Jöfnun launa milli markaða | x | | | |
| Kjaratölfræðinefnd | x | | | |
| Málefni lífeyrissjóða | x | | | |
| Vinnumarkaðsrannsókn Vinnueftirlitsins | x | | | |
| Vinnuhópur í tengslum við vinnuvernd vegna starfa framtíðarinnar (future of work) - Vinnueftirlitið | x | | | |
| Stýrihópur um Evrópuverkefni um hreyfi- og stoðkerfi: Vinnuvernd er allra hagur - léttum byrðarnar | x | | | |

# Lögfræði- og velferðarsvið

*Meginmarkmið*

Meginhlutverk lögfræði- og velferðarsviðs er að gæta hagsmuna sveitarfélaga við undirbúning og setningu löggjafar og stjórnvaldsfyrirmæla sem snerta sveitarstjórnarstigið og vinna að stefnumótun og þróunarverkefnum á sviði skólamála, félagsþjónustu og umhverfismála. Einnig veita lögfræðingar og aðrir sérfræðingar sviðsins stoðþjónustu fyrir önnur svið og samstarfsstofnanir sambandsins jafnframt því að veita sveitarfélögum almenna ráðgjöf.

## Helstu verkefni:

- Þátttaka í stefnumótun um starfsemi og starfsumhverfi sveitarfélaga.
- Samskipti við Alþingi, ráðuneyti og aðrar stofnanir til að gæta hagsmuna sveitarfélaga.
- Gæta hagsmuna sveitarfélaga með öflugum og skilvirkum hætti og standa vörð um sjálfsstjórnarrétt þeirra.
- Stuðla að því að verkefnaskipting milli ríkis og sveitarfélaga sé í senn eðlileg og sanngjörn með tilliti til ábyrgðar á faglegum og fjárhagslegum þáttum. Sérstök áhersla er lögð á að tryggja þessa þætti við undirbúning löggjafar og við setningu reglugerða.
- Þátttaka í fjölmörgum nefndum og starfshópum er varða hagsmuni sveitarfélaga ásamt samskiptum við fulltrúa sambandsins í nefndum og ráðum sem tengjast verkefnum sviðsins.
- Vinna að framkvæmd lögbundins kostnaðarmats lagafrumvarpa, tillagna að stjórnvaldsfyrirmælum og annarra stefnumarkandi ákvarðana af hálfu stjórnvalda ríkisins sem varða sveitarfélögin.
- Gerð umsagna um lagafrumvörp og önnur þingmál, drög að reglugerðum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum.
- Lögfræðileg ráðgjöf og upplýsingagjöf fyrir sveitarfélög, m.a. um innleiðingu nýrra laga og stjórnvaldsfyrirmæla sem snerta starfsemi sveitarfélaga.
- Umsjón með störfum fræðslumálanefndar og skólateymis sambandsins.
- Umsjón með starfi félagsþjónustunefndar og félagsþjónustuteymi sambandsins.
- Umsjón með starfi Námsleyfasjóðs, Endurmenntunarsjóðs grunnskóla og Námsgagnasjóðs
- Seta í stjórn Sprotasjóðs, Vonarsjóðs FG og SÍ.
- Seta í stjórn Úrvinnslusjóðs.
- Seta í verkefnisstjórn aðgerðaáætlunar um loftslagsmál.
- Þátttaka í samráðsnefnd um skýra verk- og ábyrgðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga (Grábókarnefnd).
- Umsjón með samstarfsvettvangi sveitarfélaga um loftslagsmál og Heimsmarkmiðin.
- Umsjón með verkefnisstjórn um úrgangsmál.
- Umsjón með samráðshópi persónuverndarfulltrúa.
- Utanumhald um sérfræðingahóp og fræðsla um innkaupamál sveitarfélaga.

## Áhersluatriði 2021

| | Verkefni hefst: | | | |
|---|---|---|---|---|
| Almenn verkefni | 1.ársfj. | 2.ársfj. | 3.ársfj. | 4.ársfj. |
| Samstarf við Ríkiskaup um þróun þjónustu við sveitarfélög . | x | | | |
| Samstarfsverkefni um áhættumat skýjalausna m.t.t. persónuverndar. | | x | | |
| Gerð leiðbeininga til sveitarfélaga um framkvæmd upplýsingalaga. | | x | | |
| Aðstoð við innleiðingu stafrænnar þróunar. | x | | | |
| Þróun námskeiðsefnis fyrir sveitarstjórnarfólk. | x | | | |
| Stefnumótandi byggðaáætlun – aðkoma að endurskoðun og umsögn. | x | | | |
| Eftirfylgni og ráðgjöf vegna Covid-19 aðgerða af ýmsum toga. | x | | | |
| Frumvarp til laga um almannavarnir – umsögn. | x | | | |
| Einföldun löggjafar í kjölfar OECD-skýrslu. | x | | | |
| Lýðheilsustefna – tillaga til þingsályktunar. | x | | | |
| Menningarstefna – tillaga til þingsályktunar. | x | | | |
| Breytingar á sveitarstjórnarlögum, lágmarksíbúafjöldi o.fl. -umsögn. | x | | | |
| Sameining Innheimtustofnunar sveitarfélaga og TR. | x | | | |
| Einföldun laga á sviði SRN – umsögn. | x | | | |
| Samstarf við Þjóðskjalasafn og skjalaverði um auknar grisjunarheimildir. | | | | |
| Reglugerð um héraðsskjalasöfn – samráð. | | | | |
| Samhæfingarhópur um atvinnu- og menntamál. Tillögur og eftirfylgni. | x | | | |
| Vinna áfram að bættu verklagi við gerð kostnaðarmats. | | | | |
| Fleiri verkefni úr LOF samkomulagi, samráð við KB/SÁS um framsetningu. | | | | |
| Undirbúa viðræður við ríkið um afnám skyldu sveitarfélaga til að afhenda lóðir án endurgjalds. | | | | |



| | Verkefni hefst: | | | |
|---|---|---|---|---|
| Fræðslumál | 1.ársfj. | 2.ársfj. | 3.ársfj. | 4.ársfj. |
| Starfshópur um styrkingu leikskólastigsins, áframhald vinnu frá síðasta starfsári og eftirfylgd tillagna. | x | | | |
| Undirbúningur til innleiðingar farsældarfrumvarps | x | | | |
| Innleiðing væntanlegra laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. | | | x | x |
| Vinna að innleiðingu, aðgerðaáætlun og kostnaðarmati menntastefnu til 2030. | | x | | |
| Vinna að tillögum um fræðslumál við endurskoðun byggðaáætlunar. | | | | |
| Þróun samstarfs við Menntamálastofnun . | x | | | |
| Úrbætur í tölfræði fræðslumála. | | | | |
| Endurnýjun samkomulags um tónlistarnám á framhaldsstigi. | x | | | |
| Áframhald samstarfs um aukna nýliðun og lögfestingu ákvæðis um starfsnámsár kennaranema. | | | | |
| Koma á aukinni samhæfingu og samstarfi um fyrirkomulag og fjármögnun starfsþróunar kennara og stjórnenda. | | | | |
| Stuðla að samstarfi sveitarfélaga um skólaþjónustu og jöfnun aðgengis nemenda og starfsfólks skóla. | | | | |
| Samstarf um endurskoðun tiltekinna kafla aðalnámskrár grunnskóla.<br>Samstarf um mótun og innleiðingu stefnumótunarlíkans um fjármögnun skóla fyrir alla (3.2.4.). | | | | |
| Samstarf um mótun og innleiðingu stefnumótunarlíkans um fjármögnun skóla fyrir alla. | | | | |
| Samstarf um mótun lágmarksviðmiða um skólaþjónustu svf. á grundvelli tillagna Evr.miðst. | | | | |
| Samstarf um bætt náms- og félagslegt umhverfi barna sem hafa íslensku sem 2. tungumál . | | | | |
| Vinna að aukinni viðurkenningu verk-, tækni-, iðn- og listnáms í skólastarfi í skóla- og frístundastarfi | | | | |
| Vinna að aukinni útbreiðslu og þróun starfrænna möguleika í kennslu og námsgagnaútgáfu. | | | | |
| Vinna að aukinni viðurkenningu verk-, tækni-, iðn- og listnáms í skólastarfi í skóla- og frístundastarfi (3.2.15.) | | | | |

| | Verkefni hefst: | | | |
|---|---|---|---|---|
| Félagsþjónusta- og húsnæðismál | 1.ársfj. | 2.ársfj. | 3.ársfj. | 4.ársfj. |
| Undirbúningur nýrra laga um öryggisgæslu og –vistun og endurskoðun annara laga þeim tengdum. | x | | | |
| Þátttaka í Stýrihópi um mælaborð á velferð barna | x | | | |
| Gæta hagsmuna sveitarfélaga við endurskoðun barnaverndarlaga og annarra laga tengda þeim. | x | | | |
| Framtíðarfyrirkomulag NPA. | | | | |
| Þátttaka í samráðsnefnd um skýra verk- og ábyrgðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga (Grábókarnefnd) – vinna að áhersluverkefnum 2021. | | | | |
| Þátttaka í samráðshópum um undirbúning og innleiðingu nýrra laga um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna. | x | | | |
| Samspil örorku endurhæfingarlífeyris, fjárhagsaðstoðar og starfsendurhæfingu setja mál á dagskrá að frumkvæði sambandsins. | x | | | |
| Stafræn stjórnsýsla Þátttaka í verkefnahópi um starfræna stjórnsýslu félagsþjónustu sveitarfélaga í samstarfi við stafrænt Ísland. | x | | | |
| Þátttaka í stýrihópi um málefni fanga þar sem gera á tillögur sem miða að batamiðaðri nálgun í afplánun fanga. | x | | | |
| Setja á fót bakhóp um velferðartækni samstarf við Norrænu velferðarmiðstöðina. | x | | | |
| Þróun samstarfs á grundvelli samstarfssamnings við Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og vinna að einstökum verkefnum. | x | | | |



| | Verkefni hefst: | | | |
|---|---|---|---|---|
| Umhverfis- og skipulagsmál | 1.ársfj. | 2.ársfj. | 3.ársfj. | 4.ársfj. |
| Landsskipulagsstefna 2015-2026, viðbætur til umsagnar. | x | | | |
| Gerð Verkfærakistu sveitarfélaga í loftslagsmálum, áframhald vinnu frá síðasta starfsári. Áætlað að verkefninu ljúki í maí með opnum vefsíðu og kynningu á afurðum verkefnisins. | x | | | |
| Frekari aðstoð við sveitarfélög við gerð loftslagsstefna. | | x | | |
| Starfshópur UAR um gerð aðgerðaáætlunar um aðlögun að loftslagsbreytingum, áframhaldandi vinna frá síðasta starfsári. | x | | | |
| Verkefnisstjórn um Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2020-2030, áframhaldandi vinna frá síðasta starfsári. | x | | | |
| Starfshópur ANR, Áfangastaðurinn Ísland 2020, áframhald vinnu frá síðasta starfsári. | x | | | |
| Samstarfsvettvangur sveitarfélaga um loftslagsmál og heimsmarkmið. Upplýsingagjöf til tengiliða og skipulag funda. | x | | | |
| Stefna umhverfis- og auðlindaráðherra í úrgangsmálum. Umsagnargerð. | x | | | |
| Frumvarp um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs. Umsagnargerð. | x | | | |
| Frumvarp um breytingu á lögum um úrvinnslugjald. Umsagnargerð. | x | | | |
| Stuðningur við gerð svæðisáætlana um meðhöndlun úrgangs í kjölfar samþykktar stefnu um meðhöndlun úrgangs. | | x | | |
| Starfshópur HMS, Byggjum betri framtíð, áframhald vinnu frá síðasta starfsári. | x | | | |
| Innleiðing og möguleg endurskoðun reglugerðar um starfsemi slökkviliða. | x | | | |
| Mótun handbókar um góða úrgangsstjórnun fyrir sveitarfélög. | | x | | |
| Vinna að bættri úrgangstölfræði. | | x | | |
| Mótun tillagna um uppbyggingu innlendrar brennslu með orkuvinnslu fyrir úrgang. | | x | | |
| Þátttaka í stýrihópi um nýtingu og eignarhald lands. | x | x | | |
| Átaksverkefni í fráveitumálum, áframhaldandi vinna frá síðasta starfsári. | x | | | |
| Heildarendurskoðun laga um mat á umhverfisáhrifum, ljúka vinnu. | x | | | |
| Frumvarp til laga um Hálendisþjóðgarð – umsögn. | x | | | |
| Frumvarp um br. á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun. | x | | | |
| Þingsályktunartillaga um framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár. | x | | | |

# Rekstrar- og útgáfusvið

### *Meginmarkmið*

Meginhlutverk sviðsins er að sinna stoðþjónustu við yfirstjórn og önnur svið sambandsins, annast mannauðsmál og rekstur sambandsins og samstarfsstofnana þess og sjá um útgáfumál, þ. á m. vefsíðu, Sveitarstjórnarmál og Tíðindi.

### Helstu verkefni:

- Að bæta nýtingu fjármuna sambandsins.
- Að gæta þess að fjárhagsáætlun ársins sé fylgt eða breytingar á henni samþykktar.
- Að ljúka gerð reikningsskila og ársreiknings sem fyrst eftir hver áramót.
- Að huga vel að þeim mannauði sem sambandið býr yfir og tryggja að sambandið sé fjölskylduvænn og eftirsóknarverður vinnustaður.
- Að gæta þess að upplýsingar, útgefið efni og vefsíða sambandsins mæti þörfum og væntingum markhópa.



## Áhersluatriði rekstrar- og útgáfusviðs 2021

| | Verkefni hefst: | | | |
|---|---|---|---|---|
| Innri málefni | 1.ársfj. | 2.ársfj. | 3.ársfj. | 4.ársfj. |
| Vinnustaðagreining. | x | | | |
| Ferðavenjukönnun meðal starfsfólks. | x | | | |
| Launagreining í tengslum við jafnlaunavottun. | | | | x |
| Skrásetning á losun gróðurhúsalofttegunda vegna rekstur sambandsins. | x | | | |
| Verkefni um kolefnisbindingu. | | x | | |
| Möguleikar á endurhönnun á móttöku. | | | x | |
| Skoða leiðir til að aðlaga húsnæðið að starfseminni. | | x | | |
| Vinna með niðurstöður vinnustaðagreiningar. | x | | | |
| Vinna áfram tilraunaverkefni Heilsueflandi vinnustaður. | x | | | |
| Ráða í nýtt stöðugildi forvarnarfulltrúa til sambandsins en verkefnið er fjármagnað af ríkinu. | | x | | |

| | Verkefni hefst: | | | |
|---|---|---|---|---|
| Útgáfa | 1.ársfj. | 2.ársfj. | 3.ársfj. | 4.ársfj. |
| Þróa og gefa út Sveitarstjórnarmál. | x | x | | x |
| Rafrænt kennsluefni. | | x | | |
| Fræðslu-, funda- og ráðstefnuvefur sambandsins. | | x | | |
| Útgáfa Tíðinda og auka hlut samfélagsmiðla. | x | | | |

| | Verkefni hefst: | | | |
|---|---|---|---|---|
| Skjalavarsla | 1.ársfj. | 2.ársfj. | 3.ársfj. | 4.ársfj. |
| Skoða hvort og hvaða skjöl verða send í geymslu til varðveislu. | | | x | |
| Grisja, pakka og skrá eldri bókhaldsskjöl. | | x | | |
| Halda áfram að pakka og skrá skjöl frá Hafnasambandi Íslands. | x | x | | |
| Afhenda vörsluútgáfu vegna rafrænna skila til Þjóðskjalasafns. | x | | | |
| Halda áfram að vinna skjalavistunaráætlun sambandsins og samstarfsstofnana. | x | x | x | x |

# Þróunar- og alþjóðasvið

## Meginmarkmið

Þróunar- og alþjóðasvið hefur það meginhlutverk að vinna að framþróun og nýsköpun í stjórnsýslu og þjónustu íslenskra sveitarfélaga, sérstaklega í lýðræðismálum, byggða- og atvinnuþróunarmálum, mannréttinda- og jafnréttismálum og stafrænum málum. Sviðið hefur umsjón með erlendum samskiptum sambandsins og gætir hagsmuna íslenskra sveitarfélaga í EES-samstarfinu og gagnvart ESB og miðlar upplýsingum um þau mál. Einnig stuðlar það að því að sveitarstjórnarmenn verði hæfari til að takast á við verkefni sveitarfélaga í síbreytilegu umhverfi.

## Helstu verkefni:

- Að sveitarfélög séu upplýst um nýjungar í stjórnsýslu og þjónustu íslenskra og erlendra sveitarfélaga og nýti sér tækifæri til framþróunar og nýsköpunar.
- Að sveitarstjórnarmenn eigi kost á fræðslu sem er sniðin að þörfum þeirra.
- Að sveitarfélög séu upplýst um tækifæri sín og skyldur samkvæmt EES-samningnum.
- Að tekið sé tillit til sjónarmiða íslenskra sveitarfélaga á vettvangi EES og ESB.



## Áhersluatriði þróunar- og alþjóðasviðs 2021

| | Verkefni hefst: | | | |
|---|---|---|---|---|
| Nýsköpunar- og þróunarmál | 1.ársfj. | 2.ársfj. | 3.ársfj. | 4.ársfj. |
| Nýsköpunardagur í samstarfi við fjármálaráðuneytið. | x | | | |
| Þróun sameiginlegra HM-undirmarkmiða og mælikvarða fyrir sveitarfélög og verkfærakistu í samstarfi við samstarfsvettvang ríkis og sveitarfélaga um HM, sveitarfélög, hagstofu og hugsanlega Byggðastofnun. | x | | | |
| HM tengiliðafundir. | x | | | x |
| Samráð við fulltrúa ungmennaráða sveitarfélaga með stuðningi úr Erasmus+ áætlun ESB til að vinna að framgangi markmiða í stefnumörkun sambandsins 2018-2022 um ungmennaráð. | | | x | |

| | Verkefni hefst: | | | |
|---|---|---|---|---|
| Stafræn mál | 1.ársfj. | 2.ársfj. | 3.ársfj. | 4.ársfj. |
| Þróa sjálfsafgreiðsluferli fyrir fjárhagsaðstoð sveitarfélaga inn á Island.is og hugsanlega viðtalspantanir við starfsmenn sveitarfélaga. | x | | | |
| Frekari greining tæknilegra innviða sveitarfélaga og samninga þeirra við hugbúnaðaraðila og ráðgjöf. | x | | | |
| Uppbygging stafræns teymis til að styðja við stafræna þróun sveitarfélaga. | x | | | |
| Stefnumörkun í samvinnu sveitarfélaga um stafræna þróun. | x | | | |
| Ráðstefna um stafræna þróun sveitarfélaga. | | | | |
| Þróun og uppbygging á stafraent.sveitarfelog.is. | x | | | |
| Kennsla í ferlagreiningum og endurhönnun ferla í tengslum við nýja fjárhagsaðstoðarlausn – „learn by doing“ - vinnustofur. | | x | | |
| Innleiðing fjárhagsaðstoðarlausnar með öllum sveitarfélögum – nýtt verklag. | | x | | |
| Þróa sjálfsafgreiðsluferli 2 inn á Island.is með fyrirvara um fjármagn. | | x | | |
| Sameiginlegt stafrænt verkefni milli sveitarfélaga eftir forvalsferli. | | x | | |
| Innleiðing sjálfsafgreiðsluferlis 2. | | | x | |
| Þróa sjálfsafgreiðsluferli 3 inn á Island.is með fyrirvara um fjármagn. | | | x | |
| Innleiðing sjálfsafgreiðsluferlis 3 inná Island.is. | | | | x |
| Sameiginlegt stafrænt verkefni milli sveitarfélaga eftir forvalsferli. | | | | x |
| Kynningarráðstefna um stafræna þróun. | | | | x |

| | Verkefni hefst: | | | |
|---|---|---|---|---|
| Lýðræðismál | 1.ársfj. | 2.ársfj. | 3.ársfj. | 4.ársfj. |
| Styðja við þróun nýrra námskeiða fyrir kjörna fulltrúa eftir sveitarstjórnarkosningar 2022 í samvinnu við lögfræði- og velferðarsvið og hag- og upplýsingasvið. | x | | | |
| Skoða þátttöku í Evrópuverkefni um íbúasamráð vegna Græns sáttmála ESB. | x | | | |
| Samráð við fulltrúa ungmennaráða sveitarfélaga með stuðningi úr Erasmus+ áætlun ESB til að vinna að framgangi markmiða í stefnumörkun sambandsins 2018-2022 um ungmennaráð. | | x | | |

| | Verkefni hefst: | | | |
|---|---|---|---|---|
| Mannréttinda- og jafnréttismál | 1.ársfj. | 2.ársfj. | 3.ársfj. | 4.ársfj. |
| Fylgja því eftir að sveitarfélög fái stuðning Jafnréttisstofu og Fjölmenningarseturs við nýja gerð jafnréttisáætlana skv. væntanlegum lögum um stjórnsýslu jafnréttismála. | x | | | |
| Eftirfylgni og samráð vegna nýrrar framkvæmdaáætlunar í innflytjendamálum. | x | | | |

| | Verkefni hefst: | | | |
|---|---|---|---|---|
| EES mál og önnur erlend samskipti | 1.ársfj. | 2.ársfj. | 3.ársfj. | 4.ársfj. |
| Átak til að kynna tækifæri sveitarfélaga í EES-samstarfsáætlunum á nýju styrkjatímabili fyrir, m.a. kynningarfundir í samstarfi við Rannís um stafræn ESB samstarfsverkefni og verkefni á sviði loftslags- og umhverfismála. | x | | | |
| Aðgerðaráætlun um þátttöku íslenskra sveitarfélaga í EES-Uppbyggingarsjóðsverkefnum m.a. með hliðsjón af stefnumótun UTR um þátttöku íslenskra aðila á nýju styrkjatímabil og kynna tækifæri í samstarfi við UTR. | x | | | |
| Taka saman upplýsingar um íslensk sveitarfélög sem hafa áhuga á þátttöku í EES uppbyggingarsjóðsverkefnum til að setja inn í væntanlegan gagnabanka UTR sem verður gerður aðgengilegur fyrir aðila í styrkþegalöndum | | | | x |
| Fundur á Íslandi í norrænum tengiliðahópi um lýðræðismál | | x | | |



## Starfsáætlun stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Í samræmi við góða stjórnarhætti skal stjórn sambandsins árlega skilgreina mikilvægustu verkefni sín, og gera starfsáætlun um störf sín. Í þessar áætlun fyrir árið 2021 eru sett fram þau föstu verkefni sem stjórn sambandsins mun taka fyrir á fundum sínum á árinu í samræmi við starfsáætlun, samþykktir og stefnumörkun sambandsins, en einnig önnur verkefni og upplýsingagjöf um stöðu ýmissa verkefna sem sambandið hefur með höndum. Þetta er ekki tæmandi listi og getur tekið breytingum.

Á öllum fundum stjórnar er gert ráð fyrir að fjallað sé um fundargerðir fastanefnda sambandsins, Jónsmessunefndar og stöðu kjaramála.

### 29. janúar

#### Staðsetning: Reykjavík

Efni fundar:

- Drög að ársreikningi sambandsins og Bakhjarls.
- Fjárhagsáætlun sambandsins og Bakhjarls.
- Dagskrá landsþings til umræðu. Þema ákveðið.
- Endurskoðaðar samþykktir sambandsins.
- Kynntar niðurstöður úr samantekt á fjárhagsáætlun sveitarfélaga og fréttabréf um fjárhagsáætlanir A-hluta.
- Starfsáætlun stjórnar og sambandsins.

### 26. febrúar

#### Staðsetning: Reykjavík

Efni fundar:

- Ársreikningur sambandsins og Bakhjarls sambandsins.
- Endanleg dagskrá landsþings til kynningar.
- Staðgreiðsluuppgjör sveitarfélaga til kynningar.

### 25. mars

#### Staðsetning: Reykjavík

- Fyrstu hugmyndir ræddar um erindi á fjármálaráðstefnu.
- Drög að samkomulagi ríkis og sveitarfélaga á grundvelli laga um opinber fjármál.

## 26. mars – Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga

Staðsetning: Reykjavík

## 30. apríl

Staðsetning: Reykjavík

Efni fundar:

- Fundargerð landsþings lögð fram til kynningar.
- Umsögn um fjármálaáætlun.

## 28. maí

Staðsetning: Reykjavík

Efni fundar:

- Upplýsingar um álagðan fasteignaskatt kynntar.

## 11. júní

Staðsetning: Reykjavík

Efni fundar:

- Kynning á drögum að dagskrá fjármálaráðstefnu.
- Forsendur um fjárhagáætlanagerð 2022-2025 kynntar.
- Niðurstöður ársreikninga 2020 kynnt.

## 26.-27. ágúst – Stjórnarfundur og vinnufundur

Staðsetning: Óákveðið

Efni fundar:

- Dagskrá fjármálaráðstefnu lögð fram til kynningar.
- Fara yfir starfsáætlun stjórnar.
- Stefnumörkun sambandsins rædd.

## 24. september

Staðsetning: Reykjavík - Teams

Efni fundar: fjarfundur

- Dagatal stjórnar fyrir árið 2021 kynnt.
- Kynning á sex mánaða uppgjöri stærstu sveitarfélaganna 2021.
- Minnisblað um fjárlagafrumvarp.

## 7.-8. október – Fjármálaráðstefna sveitarfélaga

Staðsetning: Hilton

- Fundur með framkvæmdastjórum og formönnum landshlutasamtaka

## 29. október

### Staðsetning: Reykjavík - Teams

Efni fundar:

- Hefðbundin dagskrárefni.

## 26. nóvember

### Staðsetning: Reykjavík

Efni fundar:

- Drög að starfsáætlun stjórnar kynnt.
- Ráðstefnumat fjármálaráðstefnu kynnt.

## 11. desember

### Staðsetning: Reykjavík

Efni fundar:

- Starfsáætlun stjórnar fyrir árið 2022 samþykkt.
- Starfsáætlun sambandsins fyrir árið 2022 samþykkt.
- Rætt um þema fyrir landsþing sambandsins 2022.

| **Regluleg gögn á stjórnarfundum:** | Jan | Feb | Mar | Apr | Maí | Jún | Júl | Ágú | Sep | Okt | Nóv | Des |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fundargerðir stjórnar | ● | ● | ● | ● | ● | ● | | ● | ● | ● | ● | ● |
| Fundargerði nefnda | ● | ● | ● | ● | ● | ● | | ● | ● | ● | ● | ● |
| Umsagnir og staða kjaramála | ● | ● | ● | ● | ● | ● | | ● | ● | ● | ● | ● |
| **Önnur verkefni lögð fyrir stjórn:** | | | | | | | | | | | | |
| Ársreikningur | ● | ● | | | | | | | | | | |
| Fjárhagsáætlun | ● | | | | | | | | | | | |
| Breytingar á samþykktum | ● | ● | ● | | | | | | | ● | | |
| Staðgreiðsluuppgjör sveitarfélaga til kynningar | | ● | | | | | | | | | | |
| Samkomulag ríkis og svf. á grundvelli laga um opinber fjármál | | | ● | | | | | | | | | |
| Umsögn um fjármálaáætlun | | | | ● | | | | | | | | |
| Niðurstöður úr samantekt fjárhagsáætlana | ● | | | | | | | | | | | |
| Upplýsingar um álagðan fasteignaskatt kynntar | | | | | ● | | | | | | | |
| Forsendur um fjárhagsáætlanagerð 2022-2025 kynntar | | | | | | ● | | | | | | |
| Niðurstöður ársreikninga 2020 kynntar | | | | | | ● | | | | | | |
| Starfsáætlun stjórnar | ● | | | | | | | ● | | | ● | ● |
| Starfsáætlun sambandsins | ● | | | | | | | ● | | | ● | ● |
| Stefnumörkun sambandsins | | | | | | | | ● | | | | |
| Dagatal stjórnar fyrir árið 2021 kynnt | | | | | | | | | ● | | | |
| Kynning á 6 mánaða uppgjöri sveitarfélaga 2021 | | | | | | | | | ● | | | |
| Minnisblað um fjárlagafrumvarp | | | | | | | | | ● | | | |
| Fundur með framkvæmdastjórum og formönnum landshlutasamtaka | | | | | | | | | | ● | | |
| Þjónustukönnun | | | | | | | | | | ● | | |
| **Viðburðir** | | | | | | | | | | | | |
| Fjármálaráðstefna | | | | | | | | | | ● | | |
| Skólaþing | | | | | | | | | | | ● | |
| Landsþing og undirbúningur | ● | ● | ● | | | | | | | | | ● |
| Vinnufundur stjórnar | | | | | | | | ● | | | | |
| Fundur með ungu fólki | | | | | | | | | | ● | | |